

Aðalfundur Völsungs

25.6.2020

Vallarhúsi

kl: 20:00

Mætt úr aðalstjórn: Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri, Bergþóra Höskuldsdóttir formaður, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Eva Björk Káradóttir, Björgvin Sigurðsson, Davíð Þórólfsson og Lilja Friðriksdóttir

Einnig eru mættir 14 félagsmenn.

1. Formaður setur fundinn

Bergþóra Höskuldsdóttir formaður Völsungs kemur upp, býður fundargesti velkomna og setur fundinn formlega.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Bergþóra kemur upp og leggur til að Linda Margrét Baldursdóttir verði fundarstjóri og Lilja Friðriksdóttir verði fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Linda þakkar Bergþóru fyrir og tekur því næst við stjórn fundarins.

Linda fer yfir hvort löglega hafi verið boðað til fundarins, enginn mótmælir því.

3. Skýrsla stjórnar

Bergþóra kemur upp og fer yfir skýrslu stjórnar.

Hún bendir á að skýrslan verði aðgengileg á heimasíðu félagsins og allir félagsmenn geti fengið hana senda óski þeir eftir því.

4. Ársreikningar lagðir fram

Jónas Halldór framkvæmdastjóri kemur upp og fer yfir lykiltölur úr ársreikningi Völsungs. Reikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Umræður skapast um styrk Norðurþings til íþróttafélagsins og hvernig deildum gangi að sækja styrki til að reka starf deildanna. Ársreikningur fyrir árið 2019 kemur vel út og stjórnin fær hrós fyrir hann en vitað mál er að næsta ár gæti verið þyngra í rekstri vegna Covid áhrifa.

Ársreikningur félagsins er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum liggja engar lagabreytingar.

6. Árgjöld

Jónas Halldór kemur upp og leggur fram tillögu stjórnar um að hækka félagsgjald í 4.000 kr. Öllum greiddum félagsgjöldum mun áfram fylgja félagskort sem veitir afslætti víðsvegar um bæinn.

Mikil ánægja er með Völsungskortin en mikilvægt er að auglýsa þetta betur nú í haust.

Hækkun á félagsgjaldinu er samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga

Kosning í stjórn Völsungs.

Tillaga stjórnar:

Formaður: Óskað eftir framboði

Aðalstjórn Völsungs leggur fram tillögu um eftirtalda aðila í aðalstjórn. Einnig leggur aðalstjórn til að aðalfundur Völsungs árið 2020 samþykki að veita nýrri stjórn félagsins umboð til að skipta með sér verkum.

Aðrir í stjórn: Hilmar Valur Gunnarsson, Davíð Þórólfsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Ásta Hermannsdóttir (varamaður), Björgvin Sigurðsson (varamaður)

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Aðalstjórn Völsungs leggur til að PWC verði endurskoðandi félagsins áfram.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8. Starfsnefndir

Engar starfsnefndir liggja fyrir fundinum.

9. Önnur mál

- Þórunn Harðar tekur til máls og segir frá þeirri hugmynd hennar um að endurvekja siglingardeild félagsins. Bærinn tók vel í erindi hennar og hefur verið að vinna að endurbótum við bryggju og færa til skúr svo að þessu geti orðið. Borið er upp við fundinn um að setja siglingadeildin undir almenningsíþróttadeildina. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- *Heiðar Hrafn segir frá lýðheilsuviku sem verður í Mærudagsvikunni í júlí. Þar verður einn viðburður á dag (sjósund, hjólreiðar, Botnvatnshlaup, jóga og fleira).*
- *Ingólfur Freysson úr sögunefndinni bendir stjórninni á að gott væri að skipa nefnd fyrir 100 ára afmæli félagsins. Þá bendir hann á að næst gæti skíðadeild Völsungs orðið endurvakin.*
- *Guðrún Kristins þakkar þeim sem eru að ganga úr stjórn fyrir vel unnin stjórn og óskar nýjum meðlimum velfarnaðar í stjórn.*
- *Lúlli Kida vekur athygli á aðbúnaði í íþróttahöllinni, t.d. stúku og gólfi.*
- *Umræður skapast um stefnu í íþróttamálum hjá sveitarfélaginu og fundarmeðlimir vilja sjá að sú stefna verði unnin og að á 100 ára afmæli félagsins verði eitthvað mannvirki vígt.*

Fundi slitið: 21:30

